



**Fundargerð.**  
**Stjórnarfundur nr. 75.**

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn mánudaginn 7. mars kl 15:00 í Stjórnsýsluhúsinu á Sauðárkróki. Á fundinum voru Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Jón Sigurðsson og Ólöf Jósefsdóttir. Einnig sat fundinn Fannar J Viggósson og Margreir Friðriksson undir lið 1-4.

**Dagskrá**

1. Fundargerðir
2. Rekstur, staða og horfur
3. Fjármál 2015
4. Framkvæmdir 2016
5. Gjaldskrá
6. Samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi
7. Merki félagsins
8. Önnur mál.

**1. Fundargerðir**

Undirritaðar og samþykktar formlega fundargerðir nr. 71, 72, 73 og 74.

**2. Rekstur, staða og horfur**

Fannar lagði fram skýrslu um rekstur Norðurá bs. árið 2015. Í skýrslunni koma fram meðal annars upplýsingar um magn úrgangs sem urðað var árið 2015 og dreifing hans yfir árið, en samtals voru urðuð 18.267.358 tonn árið 2015 á móti 16.090.188 tonnum árið 2014, en þetta er 13,5% aukning milli ára. Stærsti einstaki aðilinn sem urðað er fyrir er Flokkun Eyjafjörður. Í heild hefur reksturinn gengið vel þótt umfangið vaxi ár frá ári. Urðað magn á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2016 benda til að áfram verði auking á móttöku urðunarúrgangs.

Að sögn Fannars hefur nýtt fyrirkomulag á vinnutilhögun og viðbótarráðningar starfsmanna á árinu 2015 ekki dugað sem skyldi og því var ákveðið að fá úr launakerfinu yfirlit yfir fjölda vinnutíma 2015 og skoða þá í framhaldinu hvaða breytingar þyrfti að gera.

**3. Fjármál 2015**

Margreir lagði fram stöðu bókhals 31.12.2015. Stefnt er á að klára gerð Ársreiknings fyrir árið 2015 fyrir lok mánaðar og senda hann þá strax til endurskoðenda svo hægt verði að halda aðalfund.

**4. Framkvæmdir 2016**

Núverandi byggingaframkvæmdir á vélaskemmu ganga samkvæmt áætlun og er gert ráð fyrir að húsið verði tilbúið til notkunar á tilsettum tíma eða 1. júní 2016. Framundan er að klára lagnir að vélaskemmuni en semja þarf við Rarik um framkvæmdina en frost er í jörðu sem torveldar aðeins verkið.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "R. P. O." and "R. C."



Fyrir liggur minnisblað unnið af Gunnari Svavarssyni hjá Verkfræðistofunni Eflu um helstu verkefni sem gera þarf árið 2016. Helstu verkefni eru:

- a) Stækkun urðunarhólfs, áætlaður kostnaður 250 milljónir.
- b) Lagfæringar yfirborðs hólfs 1 og tilfærsla úrgangs, áætlaður kostnaður 0,5-1 milljón.
- c) Lagfæringar við sláturhólf, áætlaður kostnaður 2-3 milljónir.
- d) Gaskerfi í hólf 1. Áætlaður kostnaður með hönnun og gerð útboðs 10-11 milljónir.
- e) Lagfæringar á brunnum, áætlaður kostnaður 2 milljónir.

Samtals eru þetta framkvæmdir upp á 297 milljónir.

Samþykkt að fela Gunnari að vinna áfram að útfærslu allra þeirra verkefna sem fara þarf í árið 2016. Mikilvægt er að byrja á að klára hönnun á stækkun urðunarhólfs og gera útboðsgöng vegna þess tilbúinn. Samhliða þarf að gera ítarlega rekstaráætlun um rekstur staðarins frá 2016 til 2038 og byggja hana á núverandi forsendum en taka um leið mið af rekstaráætlun frá 23. nóvember 2009.

Gera þarf betur grein fyrir uppruna þess úrgangs sem áætlað er að urða fram til ársins 2038. Fannar ætlar að gera sundurliðun fyrir árin 2014 og 2015 eftir sveitarfélögum (sorpsamlögum), þannig að hægt sé að láta áætlunina taka mið af núverandi upprunasvæðum.

Formlega samþykkt um stækkun urðunarhólfsins þarf að bera undir aðalfund félagsins en þá þurfa allar grunnupplýsingar að liggja fyrir.

## 5. Gjaldskrá

Rætt um gjaldskrá félagsins og hvort gera þurfi breytingar á henni í bæði framsetningu og verðum. Urðunargjald á almennu sorpi hefur ekki breyst frá því byrjað var að urða í Stekkjarvík. Ákveðið að biða eftir niðurstöðum úr nýrri rekstaráætlun og taka þá málið aftur upp.

## 6. Samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi

Rætt um nýafstaðinn fund með Umhverfissráðherra og fulltrúum sveitarfélaganna á Norðurlandi um samstarf í úrgangsmálum. Fyrir liggur svæðisáætlun en ekki framkvæmdaráætlun um fyrirkomulagið til framtíðar. Umræður um málið kveikja margar spurningar.

Með hliðsjón af þeim framkvæmdum sem ráðast þarf í var ákveðið að kanna eins og hægt er framtíðarsýn næstu ára hjá stærstu aðilunum sem urða sorp hjá Norðurá í dag.



**Norðurá bs**  
Byggðasamlag um sorpeyðingu  
á Norðurlandi vestra.

---


**7. Merki félagsins**


Fyrir liggur tillaga að merki fyrir Noðurá bs., unnin af Valdimar Viggóssyni. Samþykkt að taka merkið upp og gera það að merki félagsins.


**8. Önnur mál**

Fannar minnti á minnisblað sem hann sendi stjórninni.

Fundi slitið kl. 17:30

  
Magnús B. Jónsson

  
Einar E Einarsson

  
Jón Sigurðsson



